

## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** María B. Hermannsdóttir, fjármálastjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

**Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna náms, námskeiða og námsferða hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði**

Á fundi stafræns ráðs þann 13. mars 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 23. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir sundurliðuðum upplýsingum um nám, námskeið og námsferðir á kostnað Reykjavíkurborgar, á vegum þjónustu og nýsköpunarsviðs (ÞON) sem og forvera þess á skrifstofu þjónustu og reksturs (SPR), Óskað er upplýsinga um kostnað per námskeið, nám, ferðir sem og annan afleiddan kostnað eins og dagpeningar þegar við á. Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnað ÞON og SPR við stjórnendaráðgjöf frá upphafi. Óskað er upplýsinga um hvaða stjórnendur hafa fengið slíka ráðgjöf og hversu mikið hún kostaði hjá hverjum og einum.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. mars 2024.

### Svar:

Árin 2012-2023 var heildarkostnaður við nám, námskeið og námsferðir starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs og forvera þess, skrifstofu þjónustu og reksturs samtals kr. 2.815.060. Sjá skiptingu niður á fargjöld, dagpeninga, gistingu, þátttökugjöld, annan kostnað og styrki í töflunni hér fyrir neðan:

Ár	Ferð	Fargjald	Dagpeningar	Gisting	Þátttökugjald	Annað	Endurgreitt	Samtals
2012	Endurmentun starfsmanna tölvumál til Malmö 6. - 9. september 2012	1.397.778	0	2.225.308	0	32.497	-3.697.260	-41.677
2013	Náms og kynnisferð starfsmanna Skjaladeildar til Hollands 04 - 7. apríl 2013	216.720	0	380.288	0	72.603	-633.845	35.766
2016	Skrifstofa þjónustu og rekstur námskeið í Brussel 5 - 8. desember 2016	78.375	128.119	0	90.470	0	0	296.964
2017	Námsferð yfirstjórnar Reykjavíkurborgar til Akureyrar 04. - 05. maí 2017	22.490	0	5.333	0	0	0	27.823
2019	Námskeið í London 07. - 10. október 2019	0	162.996	0	0	0	0	162.996
2022	Náms- og kynnisferð til Amsterdam 06. - 09. september 2022	3.047.699	1.733.472	0	280.600	0	-3.322.976	1.738.795
2023	Námsferð til Baltimore 21. - 25. ágúst 2023. Ferð styrkt af Bloomberg	416.115	178.278	0	0	0	0	594.393
	Samtals	5.179.177	2.202.865	2.610.929	371.070	105.100	-7.654.081	2.815.060

Vegna skráningar í bókhaldskerfi og vegna persónuverndarsjónarmiða eru ekki fyrirliggjandi gögn sem tiltaka sérstaklega kostnað við stjórnendaráðgjöf eða tengja ráðgjöf við þá stjórnendur sem þegið slíka stjórnendaráðgjöf og það reynist bæði tímafrekt og flókið að afla þessara upplýsinga úr fjárhagskerfinu.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



María B. Hermannsdóttir, fjármálastjóri